

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eftirlit með sýklalyfjaþoli í Evrópu 2011

Samantekt

Þessar niðurstöður byggja á gögnum um þol gegn sýklalyfjum, sem 29 ESB/EES ríkin tilkynntu um árið 2012 (gögnin vísa til ársins 2011), og á greiningu á þróuninni, í upplýsingum sem tilkynnt var um á tímabilinu 2008 til 2011.

Þau sýna almenna aukningu í Evrópu á sýklalyfjaþoli hjá gram-neikvæðum meinvöldum, sem eftirlit er haft með (*Escherichia coli*, *Klebsiella pneumoniae* og *Pseudomonas aeruginosa*), en tilvik um þol í gram-jákvæðum meinvöldum (*Streptococcus pneumoniae*, *Staphylococcus aureus*, *Enterokokkus faecium* og *Enterokokkus faecalis*) virðast hafa náð stöðugleika eða jafnvel fara minnkandi í sumum löndum. Fyrir flestar samsetningar á sýklalyfjaónæmi má sjá mikinn milli landa.

Ógnvænlegustu ummerkin um aukningu á þoli gegn sýklalyfjum árið 2011 komu frá gögnum um samsett ónæmi (ónæmi gegn þriðju kynslóð cefalósporínnum flúórókíólónum og amínóglýkósíðum) í *E. coli* og í *K. pneumoniae*. Í báðum sýklatilvikunum sýndi meira en þriðjungur tilkynningarlandanna verulegan vöxt í samsettu ónæmi síðastliðin fjögur ár.

Hátt og vaxandi hlutfall af samsettu þoli hjá *K. pneumoniae* þýðir að sumir sjúklingar með lífshættulegar sýkingar eiga einungis kost á fáum meðferðarúrræðum, t.d. karbapenem. Hins vegar hefur karbapenem-ónæmi farið vaxandi í sumum löndum frá árinu 2010 sem gerir ástandið enn alvarlegra. Fyrir *p. aeruginosa* er samsett ónæmi einnig algengt en um 15% stofnanna er með ónæmi gegn að minnsta kosti þremur af sýklalyfjapólsflokkunum sem eru undir eftirliti. Hin, að því er virðist, óhindraða aukning á þoli gegn sýklalyfjum í stórum gram-neikvæðum meinvöldum mun óhjákvæmilega leiða til færri meðferðarkosta.

Á sama tíma, gefur önnur þróun á þoli gegn sýklalyfjum, sem tilkynnt hefur verið um, til kynna að innlend viðleitni við að stjórna og hemja ónæmið beri árangur, eins og þróunin hjá meticillín-ónæmum *s. aureus* (MRSA), sýklalyfþolnum *s. pneumoniae* og sýklalyfþolnum enterókokkum hefur sýnt, en hjá þeim virðist staðan almennt vera stöðug eða jafnvel fara batnandi í sumum löndum. Hjá MRSA eru þessar niðurstöður í samræmi við tilkynningar frá innlendum eftirlitsverkefnum í nokkrum aðildarríkjum og nýlegar rannsóknir á árangri smitvarna. Greina má frá miklum mun milli landa hvað varðar *s. pneumoniae* en ónæmi fyrir almennum sýklalyfjum hefur haldist tiltölulega stöðugt í Evrópu síðastliðin ár en það staðfesta gögn frá árinu 2011.

Hátt stig af amínóglýkósa ónæmi í *e. faecalis* virðist stöðugt í Evrópu en fjölmörg lönd, sem áður hafa tilkynnt um tiltölulega hátt stig af ónæmi, sýna nú samdrátt í þróuninni. Að sama skapi er tíðni vancomycín-ónæmis í *e. faecium* stöðug eða fer minnkandi.

Fyrir fjölmargar sýklapólssamsetningar, t.d. flúórókínólónónæmi í *E. coli*, *K. pneumoniae*, *P. aeruginosa* og MRSA, er stigull frá norðri til suðurs áberandi í Evrópu. Almennt er tilkynnt um lægri tíðni ónæmis í norðri og hærri tíðni í suðri. Þessi landfræðilegi munur kann að gefa mismunandi smitvarnir og notkun sýklalyfja til kynna. Varfærin notkun sýklalyfja og alhliða ráðstafanir til smitvarna ættu að vera hornsteinninn í skilvirkum forvörnum og eftirliti sem miðar að því að draga úr vali og smiti á sýklalyfjapolnum bakteríum.